Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 15

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fátækranefndarmál. 1906.–

til athugunar og óafgreidd.

B. Rvk. 58/1960

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arna Jalið til varnarsviðn...

Heiðraða fátækranefnd Reykjavíkur

Hjermeð bið ég yður að taka til aðhugunar að til mín kom fátæk og húsnæðislaus stúlka 17 þ. m. Helga Jóhansdóttir aðnafni, og get jeg ekki haft hana án meðlags frá þeim degi er hún kom og þangað til þjer ráð-stafið henni, mjer þótti ekki forsvaranlegt að láta hana fara út á götuna undir nóttina þar sem hún er sveitarinnar manneskja

Meðvinsemd

23 Desember 1909 Árni Jónsson

Skólavörðustíg 4 B

Ekki ... fast ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fátækrafulltrúar í Reykjavík
## (1905.) 1906. 1907. 1908.

~~Arinbjörn Sveinbjarnarson bókbindari~~

~~Bjarni Jónsson trjesmiður~~

Davíð Jóhannesson Stuðlakoti

Guðmundur Þorkelsson Pálshúsum

~~Gísli Jónsson, kaupmaður, Laugavegi.~~

~~Jón Eyjólfsson kaupmaður~~

Jón Tómasson Grímsstaðaholti

Ólafur Pjetursson Ánanaustum

Samúel Ólafsson söðlasmiður

Þórður Narfason trjesmiður

Jónas Guðbrandsson, Bergstaðastræti (Brennu).-

Árni Einarsson, verzlunarmaður, Laugavegi.

Árni Jónsson, bókhaldari (í Völundi).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904 18. febrúar

Bæjarstjórnin samþykkir, að fátækranefndin skuli hafa heimild til að afhenda líknaskólanum til uppskurðar lík þeirra fátæklinga, sem við andlát þeirra að öllu leyti eru á fátækraframfæri, svo framarlega, sem nánustu aðstandendur þeirra (ɔ: eiginmaður eða eiginkona, foreldrar eða börn) eigi sjálf kosta útförina gegn því að líknarskólinn kosti hana.

Jafnframt lætur bæjarstjórnin í ljósi, að hún treysti því, að fátækranefndin beiti svo heimild þessari, að eigi sjeu særðar rjettmætar tilfinningar náinna aðstandenda hins framliðna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Árnason: Grímsstaðaholt, Kaplaskjól, Sauðagerði, Eiðið að Mel (niður að Kirkjugarði)

Guðm. Þorvaldsson: Bráðræðisholt, Sel, Ánanaust niður að Brunnstíg 5

Þórður Narfason: Selsholt frá ofan Framnesveg, Vesturgata frá Kaplaskjólsvegi að sunnan og Brunnstíg að norðan að Hlíðarhúsum.

Ólafur Bjarnason: Hlíðarhús; Vesturgata þar frá austur og Grjótaþorpið allt, og Suðurgötu.

Davíð Jóhannesson: Miðbæinn frá austan Grjótaþorp uppað Þingholtsstræti, Laufásveg allan, og byggðina frá sunnan Spítalastíg.—

Bjarni Jónsson: Hinn hluti Þingholtanna upp úr gegn, Skólavörðustíg allan, Bergstaðastræti og Laugaveg niður að Klapparstíg.—

Arinbjörn Sveinbjörnsson: Laugaveg að sunnanverðu; Grettisgata, Njálsgata, og önnur byggð neðan í Skólavörðuholtinu frá Klapparstíg og niður að Rauðarárstíg.—

Samúel Ólafsson: Laugaveginn að norðanverðu og Skuggahverfið frá Klapparstíg að Frakkastíg.

Jón Eyjólfsson: Laugaveginn að norðanverðu og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fiskreitir norðan Laugaveg, í Rauðará og öll býli þar fyrir innan. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 25/6 1908. ~~þessu~~ Fátækranefndin 191

Með því að okkur undirritaða bræður, Steingrím og Gísla Sveinssyni, langar mjög til að geta keypt og eignast bæinn Sveinsstaði í Kaplaskjóli, sem faðir okkar, Sveinn Guðmundsson, hefir upphaflega byggt og búið í til þessa tíma, en sem nú er eign fátækrasjóðs Reykjavíkur, leyfum við okkur virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að hún selji okkur bæ þennan með þeirri lóð, sem honum fylgir, með svo vægu verði og svo góðum borgarskilmálum, sem auðið er.

Við óskum að fá sem fyrst vísbending um undirtekti hinnar háttvirtu bæjarstjórnar í þessu efni.

Sveinsstöðum í Kaplaskjóli, 18. maí 1908.

Virðingarfyllst.

Steingrímur Sveinsson. Gísli Sveinsson.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til atg.

Københavns Magistrats
3die Afdeling.

Den 24. Nov. 1908.

Postdistrikt B.

Skrivelser og Regninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med
B. 163/08.

I Continuation af min Skrivelse af 4/12 07 og i Henhold til Herr Byfogdens Svarskrivelse af 31/1 d. A. undlader Magistraten ikke tjenstligst at meddele, at ugifte Kristjana Johannesdatters Søn Edvard, efter den 4. d. at være udskreven af Kommunehospitalet, nu den 10. d. har maattet indlægges i Blegdamshospitalet, lidende af Mæslinger, cfr. medlagte Lægeerklæring og vil Regning ogsaa for denne Hospitalsbehandling i sin Tid blive fremsendt.

[illegible]

[illegible]

Til
Byfogden i Reykjavik.

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 1908 No. 877

(A)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinni heiðruðu fátækranefnd til athugunar

Bæjarfógetinn í Reykjavík 11. desember 1908.

Halldór Daníelsson

Til

fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blegdams hospital

den 10 Nov 1908

№

Johansen, Johan, Edvard

der den 10 - 11 - 08 blev indlagt her i Hospitalet under № 1936 lider af

Morbilli & Tussis conv.

Sörensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, 7. nóv. er fæddur, 29. sama mánaðar skírður

Ólafur Björgvin.

Móðirin Helga Emilía Jóhannsdóttir, ógift, í dvöl á Laugavegi 14. Hinn föður Ólaf Þórðarson, kvæntan járnsmið, Klapparstíg 2.

Að þetta sé samhljóða ministerialbók Reykjavíkur prestakalls vottar

Reykjavík, 30. nóv. 1908

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7. d. marz mán. 1908

Í brjefi dags. 29. f. m. hefur sýslumaðurinn í Árnessýslu skýrt mjer frá að stúlkan Elín Sigmundsdóttir frá Iðu í Biskupstungnahreppi sje af hreppsnefndinni viðurkend sveitlæg þar.

Það leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd.

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar
í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 20. d. maí mán. 1908.

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hefur í brjefi, dags. 8. þ.m. tilkynnt mjer, að hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi viðurkenni þar sveitlægan Harald Sigurðsson, mann Ástríðar Hróbjartsdóttur, sem brjef fátækranefndarinnar 31. jan. þ.á. ræðir um og þegið hefur styrk úr fátækrasjóði í vetur.

Þetta er hjermeð tilkynnt hinni heiðruðu fátækranefnd. —

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar
Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundin 12/3. 1908 i reitad.

# Reikningur

til Reykjavikur ~~bæjar~~ fátækranefndar

frá Undirritudum

| 1907 | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| Júlí – Sept. | Ar. Gudridur Einarsdóttir | | |
| | Læknishjálp og medöl pr. 16/70 | 16 | 70 |
| | Kr. | 16 | 70 |

Hafnarf. 20/2 - 08

J. Kdilonsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15/12. 06. afsalsbrjef frá ekkjunni með lóð sent bæjarfógeta. –

(afsalsbrjef til fátækrasjóðs)

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 15. d. septbr. mán. 1906

Í brjefi dags. í gær hafið þjer herra yfirdómari
fyrir hönd fátækranefndarinnar skýrt mjer
frá, að nefndin hafi samþykkt að veita
Jóhönnu Jónasdóttir, ekkju Jóhanns Jónssonar
frá Mýri 100 kr. lán úr fátækrasjóði til að
kaupa 1/4 hluta úr nefndum bæ, Mýri, í viðbót
við 1/4 hluta sem ekkjan á í bænum, gegn
því að hún veðsetji fátækrasjóðnum þessa
bæjareign sína, bæði fyrir láninu og styrk
þeim, er hún og maður hennar hafa
áður fengið af fátækrafje.

Að þannig gefnu tilefni vil jeg
taka það fram, að jeg sje ekkert athuga-
vert við fyrgreinda ráðstöfun og er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

henni fyrir mitt leiti samþykkur. —

Halldór Daníelsson.

Til
Formanns fátækranefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingibjörg Jónsdóttir Njálsg 48 B
þarf að leggjast á spítala

Rvík 7/1 - 1910

Matth. Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dora Magn: Sigurðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afsalsbrjef gefið hlutaðeiganda 14/12. 06.

afsalsbrjefið sent bæjarfógeta 15/12 06.

# Tilboð

Jeg undirskrifaður Jón Oddsson Gíslabæ við Bræðraborgarstíg hjer í bæ lofa hjer með og skuldbind mig til að selja ekkjunni Jóhönnu Jónasardóttir einn fjórða hluta úr eigninni Mýri við framanhald Nýlendugötu hjer í bæ fyrir 100 kr. Eitt hundrað krónur og gefa henni afsal fyrir því þegar upphæðin er borgað þessu til staðfestu skrifa jeg nafn mitt hjer undir í viðurvist tveggja vitundarvotta

Reykjavík 12 September 1906

J Jón Oddsson

vitundarvottar

Bjarni Jónsson

Einar Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mýri í Reykjavík 26 Júní 1906
fundr 28/6. 06. – frestað. – B. 9. –
f. 13/9. 06.
Jeg undirskrifuð vona að ~~biðja~~ hina háttvirtu fátækra
nefnd Reykjavíkur bæar
að taka til greina bón mína
sem svo hljóðar að jeg verð
að leita til hennar með að
biðja hana hjálpar að með
hús eða skapa fram sem að
jeg hef fyrir bústað að hjálpa
mjer að gjöra við hann svo
jeg eptir leiðis geti búið í hon
um það jeg hef enn ráð yfir
honum svo jeg þarf ekki
að gjalda húsa leigu eptir hann
hvíki mjer leiðinlegt að verða
yfir gefa hann og þá jafn
framt ef að jeg verð að hrekk
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fékk ventlunar plássi
sem fylgja honum og þá er
jeg líka svipt því sem leið
að geta barlað fyrir börnum
minnum sem mig langar
þó til að gjöra eptir því
sem jeg framast get og
þar við bætist þá að jeg
ef jeg get ekki feingið að
halda þessum bustað min
um að jeg yrði að öllu leiti
bindi Bæarins jeg bið ekki
um að við gánd er sem jeg
nefni sje í stærri. Stil ens
að jeg gæti lifað í honum fyrir
kulda og leka og veit jeg að
að það irði fljótt að koma að
það kostað meira ef jeg yrði
að fara úr kofa þessum

ef að hrifti að þessa að bjarga
fyrir mig slíka leigu og svo
þar að auki ef að jeg þen arm
að hef jeg höndlur bundnar
með að geta bjargað mjer
eða börnum mínum ef hinni
hátt virtu Nefnd þóknaðist
að veita mjer bón þessa þá
vildi jeg um leið biðja hana
að leifa Bjarna Jónssyni
Trjesmiður líti á eða indi
látin skoða hvað að þyrfti
helst við þennan kofa minn
að gjöra því hann er maður
nr sem best hefur vit á þess
háttar vinnu jeg treisti hinni
heiðruðu Nefnd til hins besta
með þessa bón mína
Með virðingu
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FÁTÆKRANEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 10. jan., 1907.

Með lögum nr. 44, 10. nóv. 1905 um fátækramál, 77. gr. þeirra, er svo kveðið á, að ef þurfalingur fer eptir læknisráði á sjúkrahús, skal framfærslusveit hans kosta dvöl hans þar, lyf og læknishjálp allt að 200 kr. á ári, en það kostnaðarins, er þar er fram yfir, greiðist úr landssjóði; þó eigi fremur en fyrir 2 þurfalinga úr sama fátækra-umdæmi.–

Árið sem leið (1907) kostaði Reykjavíkurbær eptirnefnda þurfalinga meðal annara á sjúkrahúsum, öðrum en holdsveikraspítala, – og voru þeir þar eptir læknisráði:

1. Þorstein Pálsson á Vordingborgargeðveikraspítala; ársborgun 486 kr.
2. Önnu Jóhannesson á Landakotsspítala; ársborgun 516 kr.

Fyrir þessa 2 sjúklinga getur fátækrasjóðurinn heimtað endurgjald úr landssjóði; 286 kr. fyrir hinn fyrnefnda og 316 kr. fyrir hinn síðarnefnda, eða samtals 602 kr., og óska jeg að ráðstöfun verði gjörð til þess að upphæð þessi verði greidd í bæjarsjóð úr landssjóði.

~~Læknisvottorð um þessa spítalavistar sjúklinga~~ þeirra, og reikninga yfir spítalavistina fylgja þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getur fátækranefndin útvegað, ef þess skyldi þykja
þörf; en reikningar frá Vordingborgar spítala
verða þó eigi lagðir fram nema í eptirriti, því
að frumritin verða að fylgja bæjarsjóðsreikn-
ingunum. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 10/12.08.- Frestad - Ól. P.

Jeg undirskrifuð leifi mjer auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd að hjálpa mjer um þó ekki væri meira en 2 kr á mánuði í húsaleigu Jeg er búinn að vera hjer í bænum í 16 ár og er því orðin hjer sveitlæg Jeg leifi mjer að geta þess að jeg er 71 árs gömul og hefi verið í vinnumensku síðan jeg fór að geta nokkuð þangað til síðast liðið vor þá treisti jeg mjer ekki lingur til þess sökkum elli en þó einkum vegna veiki (svima) sem gjörði mjer það ómögulegt jeg treisti því að hin háttvirta nefnd verði við þessari beiðni minni

Norskahúsi Vesturgötu 10/12 08

5

Elin Ólafsdóttir

Sveitlæg hjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt. 1/1. 1909.

Reykjavík 30/12. 1908

ég undir ritaður bið
ýðar sem í Fátækra-
-nefndinni eru að veita
mér stirk til viðurværis
mér og minni fjölskyldu
því ég get ekki lengur
lifað svona jeg hef
fjóra menn í heimili
ég bið ykkur að gjöra svo
vil og láta mig fá svar
sem first

Virðingar fylst

Kristján Bjarnason
Laugaveg 71
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur